

35. Taktu skref áfram

Við erum öll jöfn – en sumir eru jafnari en aðrir



Mólefni	Almenn mannréttindi, mismunun, fátækt og félagsleg útskúfun
Þyngdarstig	Stig 2
Aldur	10–13 ára
Tími	60 mínútur
Hópstærð	10–30 börn
Tegund verkefnis	Hlutverkaleikur, hermíleikur, umræður
Yfirlit	Börnin eiga að ímynda sér að þau séu einhver annar en þau eru og átta sig á að misrétti leiðir oft til mismununar og útilokunar
Markmið	<ul style="list-style-type: none"> • Að stuðla að samkennd með þeim sem eru öðruvísi en aðrir • Að efla vitund um ójöfn tækifæri í samfélaginu • Að vekja skilning á þeim afleiðingum sem það getur haft að tilheyra minnihlutahópum
Undirbúningur	<ul style="list-style-type: none"> • Lagaðu hlutverkin og aðstæðurnar að hópnum þínum. Útbúðu hlutverkaspjald fyrir hvert barn. • Ljósritaðu hlutverkaspjöldin, klipptu þau út og brjóttu þau saman.
Efniviður	<ul style="list-style-type: none"> • Hlutverkaspjöld • Listi yfir aðstæður • Valfrjálst: Litir og dót til að búa til nafnspjöld og/eða myndir

Leiðbeiningar

1. Kynntu verkefnið fyrir börnunum og spyrðu þau hvort þau hafi nokkurn tímann ímyndað sér að þau væru einhver annar en þau eru. Fáðu þau til að nefna dæmi. Segðu þeim að í þessu verkefni eigi þau að ímynda sér að þau séu einhver annar en þau eru; annað barn sem getur verið allt öðruvísi en þau sjálf.
2. Segðu þeim að allir fái bréfmíða og á honum standi hver þau eigi að vera. Þau eigi að lesa í hljóði hvað stendur á miðanum og ekki að segja neinum hvert hlutverkið er. Ef einhver skilur ekki merkingu einhvers orðs á hlutverkaspjaldinu sínu á hann/hún að rétta upp höndina og biða eftir að kennarinn komi og útskýri það.
3. Þau eiga ekki að spyrja neins á þessu stigi. Segðu þeim að ef þau vita ekki mikið um persónuna sína eigi þau bara að nota ímyndunaraflíð. Auðveldaðu börnunum að lifa sig inn í hlutverk sitt með því að segja þeim að gera eitthvað ákveðið svo að þeim finnist það raunverulegra. Dæmi:
 - a. Veldu þér nafn. Búðu þér til nafnspjald til að minna þig á hver þú átt að ímynda þér að þú sért.
 - b. Teiknaðu mynd af þér.
 - c. Teiknaðu mynd af húsinu þínu, herberginu eða götunni sem þú býrð við.
 - d. Gakktu um stofuna og láttu sem þú sért þessi persóna.
4. Til að örva enn frekar ímyndunaraflíð skaltu spila rólega tónlist og segja börnunum að fá sér sæti, loka augunum og láta hugann reika á meðan þú lest upp nokkrar spurningar á borð við eftirfarandi:
 - a. Hvar fæddist þú? Hvernig leið þér þegar þú varst lítil(!)? Hvernig var fjölskylda þín þegar þú varst lítil(!)? Eru aðstæður öðruvísi núna?
 - b. Hvernig er daglegt líf þitt núna? Hvar áttu heima? Í hvaða skóla ertu?
 - c. Hvað gerir þú á morgnana? Á eftirmiðdögum? Á kvöldin?
 - d. Hvaða leikir finnst þér skemmtilegir? Við hverja leikur þú?

Heimild: Byggt á Kompás – Handbók um mannréttindafræðslu fyrir ungt fólk (Evrópuráðið, 2002), bls. 237.



- e. Við hvað starfa foreldrar þínir? Hvað eru þeir með í tekjur á mánuði? Býrðu við góð lífsskilyrði?
 - f. Hvað gerir þú þegar þú átt frí? Áttu gæludýr?
 - g. Hvað gerir þig glaða(n)? Hvað óttast þú?
5. Segðu nú börnunum að hafa algera þögn meðan þau raða sér upp hlið við hlið, eins og til að hefja kapphlaup. Þegar þau hafa raðað sér upp segirðu þeim að nú ætlir þú að lýsa nokkrum aðstæðum sem börn geta lent í. Ef það sem þú segir á við um persónu sem einhver er að leika á hann/hún að taka skref áfram. Allir hinir eiga að standa kyrrir.
 6. Lestu lýsingarnar á aðstæðum, eina í einu. Taktu smáhlé eftir hverja lýsingu til að gefa börnunum tíma til að taka skref áfram. Leyfðu þeim að líta í kringum sig og sjá hvar hinir eru.
 7. Í lokin biðurðu alla að setjast niður þar sem þeir eru staddir. Láttu eitt barn í einu lýsa hlutverkinu sínu. Þegar börnin eru búin að því skaltu segja þeim að kanna hver lokastaða þeirra er.
 8. Slá skal botninn í hlutverkaleikinn áður en samantektin hefst. Segðu börnunum að loka augunum og verða aftur þau sjálf. Segðu þeim að þegar þú ert búin(n) að telja upp að þremur eigi þau að kalla upp sitt eigið nafn. Þannig lýkurðu verkefninu og tryggir að börnin festist ekki í hlutverkum sínum.

Samantekt og mat

1. Farðu yfir verkefnið með spurningum á borð við eftirfarandi:
 - a. Hvað gerðist í þessu verkefni?
 - b. Hversu auðvelt eða erfitt var að leika hlutverkið?
 - c. Hvernig ímyndaðir þú þér að persónan sem þú varst að leika væri? Þekkirðu einhvern sem er þannig?
 - d. Hvernig fannst þér að ímynda þér að þú værir þessi persóna? Var hún eitthvað lík þér? Þekkirðu einhvern sem líkist henni?
2. Settu verkefnið í samhengi við mismunun og félagslegan og efnahagslegan ójöfnuð með spurningum á borð við þessar:
 - a. Hvernig fannst ykkur að taka skref áfram – eða ekki?
 - b. Hvenær fóruð þið sem tókuð oft skref áfram að taka eftir því að aðrir drógust aftur úr?
 - c. Færðist persónan sem þið voruð að leika fram – eða ekki? Hvers vegna?
 - d. Fannst ykkur eitthvað vera ósannjarnt?
 - e. Er það sem gerðist í þessu verkefni eitthvað svipað því sem á sér stað í raun og veru? Hvernig þá?
 - f. Hvað veldur því að sumt fólk hér á landi fær fleiri tækifæri en aðrir? Færri tækifæri?

Tillögur um framhald

Það er ekki auðvelt fyrir lítil börn að skilja hugtakið „staðalmynd“. Ítrekaðu lærdóminn sem draga má af þessu verkefni og láttu börnin vinna önnur verkefni þar sem einnig er fjallað um þetta efni, svo sem „Myndaleiki“, bls. 150, „Hver er fyrir aftan mig“, bls. 104, „Alþjóðlegar sumarbúðir“, bls. 56, og „Zabderfilíó“, bls. 194.

Hugmyndir um aðgerðir

Ræddu um það við börnin hverjir í samfélaginu fái fleiri eða færri tækifæri en aðrir. Hvað er það fyrsta sem þyrfti að gera til að öllum standi sömu tækifæri til boða? Er um misrétti að ræða innan hópsins eða í samfélaginu sem börnin geta tekist á við?



Ábendingar til kennara/leiðbeinanda

- Útbúðu eigin hlutverkspjöld. Þau sem hér er að finna eru bara sýnishorn. Því betur sem hlutverkspjöldin endurspeglar þann raunveruleika sem börnin lifa í, þeim mun meira læra þau af verkefninu.
- Breyttu einnig hlutverkunum þannig að þau trufla ekki þau börn sem lifa í veruleika sem líkist um of þeim aðstæðum sem hlutverkin lýsa.
- Þar sem leiðbeinandinn getur ekki alltaf vitað hverjar persónulegar aðstæður allra barnanna eru getur hent að barn komist í tilfinningalegt uppnám í einhverju hlutverkinu. Kennarinn/leiðbeinandinn þarf að vera mjög næmur á aðstæður í þessu verkefni og taka sérstakt tillit til þeirra barna sem tekst ekki að slíta sig úr hlutverkinu í lokin eða sýna afbrigðilega hegðun. Í slíku tilviki ætti hann að reyna að tala við barnið undir fjögur augu.
- Afar mikilvægt er að börnin segi ekki orð þegar þau fá hlutverkið sitt; ímyndi sér hvernig líf persónunnar sem þau eiga að leika sé og hagi sér síðan í samræmi við það. Þá skapast ekki aðeins spenna og eftirvænting meðal barnanna, heldur gengur þeim betur að einbeita sér að hlutverkinu þegar ekkert truflar þau.
- Gættu þess að öll börnin fái möguleika á að tjá sig í samantektinni. Þetta verkefni getur kallað fram sterkar tilfinningar og því meira sem börnin geta tjáð sig um tilfinningar sínar, þeim mun betur koma þau til með að skilja hlutina. Notaðu lengri tíma en ella í samantektina ef þörf krefur.
- Þetta verkefni má hæglega vinna utandyra eða í stórum sal. Láttu börnin vera í lokastöðum sínum þegar þau gera grein fyrir hlutverki sínu þar sem þau yngstu þurfa að sjá hlutina til að geta aðgreint þá og tengt þá hlutverkinu. En til að börnin heyri örugglega hvert í öðru skaltu annaðhvort fá þau til að setjast í hring eða fara með þau inn þegar kemur að samantektinni.
- Þetta verkefni er áhrifamikið að því leyti að greinilega sést hvernig fjarlægðin eykst milli þátttakendanna, sérstaklega í lokin. Til að auka áhrifin er mikilvægt að velja hlutverk sem endurspeglar raunveruleikann í lífi barnanna. Breyttu hlutverkunum þannig að aðeins fáir geti tekið skref áfram (þ.e. geti svarað játandi).
- Í samantektinni skal sérstaklega kanna hvernig börnin fóru að því að gera sér mynd af persónunni sem þau áttu að leika. Var það vegna persónulegrar reynslu eða eftir öðrum leiðum? Höfðu þau t.d. önnur börn eða fullorðna í huga, eða eitthvað úr bókum eða fjölmiðlum, jafnvel brandara? Fáðu þau til að velta fyrir sér hvort heimildir þeirra séu áreiðanlegar. Með þessum hætti er hægt að sýna hvernig staðalmyndir og fordómar hafa áhrif.

Börnum er almennt ljóst að aðrir hafa það ýmist betra eða verra en þau sjálf. En yfirleitt átta börn sig þó ekki á þeim forréttindum sem þau njóta. Þetta verkefni getur fengið börnin til að sjá líf sitt í víðara samhengi.



EFNI TIL DREIFINGAR: HLOTVERKASPJÖLD

Til kennara/leiðbeinanda: Útbúðu eigin spjöld. Því betur sem þau endurspeglar reynsluheim barnanna þeim mun skilvirkari verða þau. Eftirtalin spjöld eru aðeins sýnishorn.

<p>Þú ert átta ára. Þú og bræður þínir tveir eigið heima í fallegu húsi með stórum garði og sundlaug. Pabbi ykkar er bankastjóri í bænum. Mamma ykkar sér um heimilið og börnin.</p>	<p>Þú fæddist í þessari borg en pabbi þinn og mamma fluttust hingað frá Asíu. Þau reka fínan veitingastað og þið eigið heima á hæðinni fyrir ofan veitingastaðinn. Þú átt eina systur og þið systkinin hjálpið til á veitingastaðnum eftir að skóla lýkur á daginn. Þú ert þrettán ára.</p>
<p>Þú ert tíu ára. Þú átt heima á bóndabæ úti í sveit. Pabbi þinn er bóndi og mamma þín sér um kýrnar og hæurnar. Þú átt þrjá bræður og eina systur.</p>	<p>Þú ert einkabarn. Þú býrð með mömmu þinni í íbúð. Mamma þín vinnur í verksmiðju. Þú bæði spilar á hljóðfæri og dansar. Þú ert níu ára.</p>
<p>Þú ert tólf ára og foreldrar þínir eru rómafólk. Þú býrð í útjaðri lítills þorps í litlu húsi. Það er ekkert þaðherbergi í húsinu. Þú átt sex systkini.</p>	<p>Þú fæddist með fötlun og þarft að nota hjólastól. Þú átt heima í íbúð með foreldrum þínum og tveimur systrum. Báðir foreldrar þínir eru kennarar. Þú ert tólf ára.</p>
<p>Þú ert ellefu ára. Þú hefur átt heima á munaðarleysingjahæli síðan þú varst smábarn. Þú veist ekki hverjir foreldrar þínir eru.</p>	<p>Þú ert níu ára og ert tvíburi. Þú átt heima í íbúð með mömmu þinni sem vinnur í verslanamiðstöð. Pabbi þinn er í fangelsi.</p>
<p>Þú ert níu ára og ert einkabarn. Þú átt heima í fjölbýlishúsi með foreldrum þínum. Pabbi þinn er húsasmiður og mamma þín ber út póst. Þú ert mjög góð(ur) í íþróttum.</p>	<p>Þú komst með foreldrum þínum til landsins í leit að öryggi vegna stríðsátaka í heimalandi þínu í Afríku. Þú ert ellefu ára núna og hefur átt heima hérna í þrjú ár, síðan þú varst átta ára. Þú veist ekki hvenær þið getið snúið til baka til heimalandsins.</p>
<p>Þú ert þrettán ára og elst(ur) af sex börnum. Pabbi þinn er flutningabílstjóri og er mikið að heiman, mamma þín er þjónustustúlka og þarf oft að vinna á kvöldin. Þú þarft oft að passa yngri systkini þín.</p>	<p>Foreldrar þínir skildu þegar þú varst smábarn. Núna ertu tólf ára. Þú býrð með móður þinni og kærastanum hennar. Þú ferð um helgar í heimsókn til pabba þíns og nýju konunnar hans. Þau eiga tvö lítil börn.</p>
<p>Þú ert ellefu ára. Þú hefur verið í fóstri á ýmsum stöðum síðan þú varst lítil(l) af því að foreldrar þínir gátu ekki annast þig. Fósturforeldrar þínir eru indælir. Fjögur önnur fósturbörn búa einnig í sama litla húsinu og þú átt heima í.</p>	<p>Þú ert átta ára. Þú og systir þín eigið heima hjá afa ykkar og ömmu í litlum bæ úti á landi. Foreldrar ykkar skildu og mamma ykkar vinnur sem ritari í bænum. Þið hittið pabba ykkar næstum aldrei.</p>



EFNI TIL DREIFINGAR: HLOTVERKASPJÖLD

Þú ert tíu ára og stór eftir aldri. Þú glímir við námserfiðleika þannig að þú ert langt á eftir jafnöldrum þínum í náminu. Báðir foreldrar þínir eru útivinnandi svo að þeir hafa ekki mikinn tíma til að hjálpa þér við heimalærdóminn.

Mamma þín dó þegar þú fæddist. Pabbi þinn kvæntist aftur og þú átt heima hjá honum og stjúpmóður þinni og tveimur dætrum hennar. Þú ert átta ára og þær eru á táningsaldri. Pabbi þinn er lögfræðingur.

Þú ert átta ára og yngst(ur) af þremur systkinum. Fjölskylda þín á heima í lítilli íbúð í stórborg. Pabbi þinn er bifvélavirki en hann er atvinnulaus sem stendur, svo að þið eigið ekki mikið af peningum. En pabbi ykkar hefur meiri tíma núna til að leika við ykkur.

Þú komst sem innflytjandi til landsins þegar þú varst smábarn. Núna ertu tíu ára. Fjöldi annarra innflytjenda á heima í sama hverfi og þið og þar rekur pabbi þinn verslun. Þú talar bæði nýja og gamla tungumálið þitt og ert oft túlkur fyrir mömmu þína og ömmu.

Þú ert ellefu ára. Þú átt heima í litlu þorpi úti á landi hjá foreldrum þínum og yngri bróður og systur. Foreldrar þínir reka bakarí. Þér er stundum strítt því að þú ert svolítið feitlagin(n).

Þú ert með astma og hefur misst töluvert úr skólanum vegna veikinda. Þú liggur oft í rúminu heima hjá þér og horfir á sjónvarpið, vafrar á netinu og ferð í tölvuleiki. Það er ósköp einmanalegt því að báðir foreldrar þínir eru útivinnandi. Þú ert þrettán ára.

Þú ert barn bandaríska sendiherrans í landinu. Þú gengur í alþjóðlegan skóla. Þú ert með sterk gleraugu og stamar svolítið. Þú ert ellefu ára.

Þú og eldri systir þín eruð mjög klár í stærðfræði og eðlisfræði, eigið auðvelt með að læra tungumál, og í raun flest allt. Foreldrar ykkar eru háskólaprófessorar. Þeir senda ykkur sífellt á sérstök námskeið og þjálfunarbúðir til að búa ykkur undir keppnir.



STADHÆFINGAR

Aðstæður og atvik

Lestu eftirfarandi lýsingar á aðstæðum upphátt. Gerðu smáhlé eftir hvert atriði og gefðu börnunum tíma til að taka skref áfram og sjá hvar þau eru stödd miðað við hina.

1. Þú og fjölskylda þín eigið alltaf nóg af peningum fyrir því sem ykkur vantar.
2. Þið búið á góðum stað og eigið síma og sjónvarp.
3. Þér er ekki strítt og þú ert ekki skilin(n) út undan vegna þess að þú lítur öðruvísi út en hinir eða ert fatlaður/fötluð.
4. Fólkið sem þú býrð með spyr þig álits á öllum helstu ákvörðunum sem varða þig.
5. Þú ert í góðum skóla, ert í frístundaklúbbi og stundar íþróttir.
6. Þú ferð í spilatíma og á námskeið í teikningu að skóladegi loknum.
7. Þú óttast ekki að lögreglan stöðvi þig.
8. Hinum fullorðnu sem þú býrð hjá þykir vænt um þig og bera ávallt hag þinn fyrir brjósti.
9. Þér hefur aldrei fundist þér vera mismunandi vegna þess hvaðan foreldrar þínir koma, bakgrunns þeirra, trúar eða menningar.
10. Þú ferð reglulega til tannlæknis og í læknisskoðanir, jafnvel þótt þú sért ekki veik(ur).
11. Þú ferð í frí með fjölskyldu þinni einu sinni á ári.
12. Þú getur boðið vinum þínum í mat og einnig að gista hjá þér.
13. Þegar þú verður eldri geturðu farið í háskóla eða valið þér hvaða starf sem er.
14. Þú óttast ekki að þér verði strítt eða að ráðist verði á þig úti á götu, í skólanum eða þar sem þú átt heima.
15. Fólkið sem þú sérð í sjónvarpinu eða í bíómyndum lítur yfirleitt út eins og þú og býr við svipaðar aðstæður.
16. Þú ferð með fjölskyldu þinni í bíó, í dýragarðinn, á safn, út í sveit eða á aðra skemmtilega staði minnst einu sinni í mánuði.
17. Foreldrar þínir og afi þinn og amma, og jafnvel langafi þinn og langamma, fæddust öll hér á landi.
18. Þú færð ný föt og nýja skó hvenær sem þig vantar slíkt.
19. Þú hefur nægan tíma til að leika þér og átt vini til að leika við.
20. Þú hefur aðgang að tölvu og getur notað netið.
21. Þú færð hrós fyrir það sem þú gerir og hvatningu til að þroska alla hæfileika þína.
22. Þú heldur að þú eigir hamingjuríka framtíð þegar þú verður fullorðin(n).

